

### Fundargerð

4. stjórnarfundar FRÍ á starfstímabilinu 2014-2016, haldinn  
mánudaginn 6. október 2014, kl. 1700  
í sal A, 3. hæð í Íþróttamiðstöð ÍSÍ

Mættir: Einar Vilhjálmsson, Lóa Björk Hallsdóttir, Jón H. Steingrímsson, Jónas Egilsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Stefán Skafti Steinólfsson sem ritaði fundargerð.  
Gunnlaugur Júlíusson, Lovísa Hreinsdóttir, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir og Björg Ágústsdóttir tilkynntu forföll.

Formaður setti fund, bauð stjórnarmenn velkomna og gekk til dagskrár.

Farið yfir fundargerð 3. Fundar: **Bætt verður inn dagskrárliðum fyrir birtingu á heimasíðu lesendum til glöggvunar. Fundargerð samþykkt samhljóða að öðru leyti.**

#### Ákvarðanir teknar á fundinum (1-4)

1. Stjórn leiti eftir og beiti sér fyrir samstarfi/samráði við sambandsaðila um markaðsmál í tengslum við mótahald á þeirra vegum, og á vegum sambandsins: **Stjórn fagnar þessum lið og hvetur til funda með sambandsaðilum um þessi mál.**
2. FRÍ ehf - stjórnarskjör/stjórnaskipti-tillaga: **Einar Vilhjálmsson (form), Lóa Björk Hallsdóttir (ritari), Jón H Steingrímsson (gjaldkeri): Þessi liður samþykktur samhljóða af stjórn. FRÍ ehf er m.a. notað fyrir fjáröflunarverkefni.**
3. Frjálsíþróttamót á vegum FRÍ á RIG: Lagt var fram samkomulag FRÍ og RIG, dagsett 6. október, þar sem fram kemur að FRÍ hafi hreina vallarumgjörð á RIG mótinu. **Stjórnarmenn fagna þessu samkomulagi. Sameinuð stöndum vér.**
4. Að því gefnu að FRÍ dragi til baka beina aðkomu sína að frjálsíþróttahluta RIG, mun FRÍ bjóðast til að aðstoða RIG eftir megni við að mæta þeirri breytingu og bæta það umhverfi sem afreksíþróttamenn í frjálsum búna við: **Þessi grein fellur út, í ljósi þess samkomulags er kemur fram í lið 3.**

#### Umræða og nánari kynningar (5-9)

5. Starfsmannamál: Starfslýsingar, starfshlutfall, kjör, réttindi og skyldur starfsmanna FRÍ: **Almennar umræður um þessi mál. JE skýrir frá starfshlutfalli Þóreyjar Eddu og Þórunnar Erlingsdóttur. Stjórn sammála um að hafa skýrt starfshlutfall og starfslýsingar. Stjórn felur Lóa Björk og Fríðu Rún að leiða vinnu við starfslýsingar. Verður tekið fyrir á næsta fundi.**
6. Fréttaskrif á heimasíðu FRÍ: **Stjórn áréttar að hún sé upplýst um verkefni á vegum FRÍ áður en þau eru kynnt á heimasíðu FRÍ hverju sinni. Einnig er mikilvægt að stjórn sé upplýst um verkefni frá fyrri stjórn og þau verkefni sem framkvæmdastjóri og starfsmenn vinna að hverju sinni. Vanda skal skrif á heimasíðu og leitast við að hafa sem flestar fréttir og sem jákvæðastar af íþróttamönnum og sambandsaðilum.**
7. Verkefni í Baku-ákvarðanir sem taka þarf í nafni FRÍ: **JE skýrði frá verkefnum, m.a. komandi formannskjöri innan EAA. JE munu stjórna 2 fundum í Baku. Almennar umræður stjórnarmanna um þessi mál.**

8. Euromeeeting: **JE kynnti og lagði fram boð um aðild FRÍ að félagi mótshaldara í frjálsíþróttum. Almennar umræður um ráðstefnuna.**
  
9. Önnur mál: **Mótaskrá 2015 til umræðu og líflegar umræður um mótaskrána. Ákveðið að fara yfir fjármál á næsta fundi.**

Formaður boðar til næsta fundar

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:15.

Fundargerð ritaði Stefán Skafti Steinólfsson.